

Námsskrá fyrir

Leiðsögumenn á hreindýraveiðum

Inngangur

Námsskráin lýsir markmiðum, skipulagi náms og tilhögun kennslu og námsmats fyrir leiðsögumann með hreindýraveiðum. Hæfniviðmiðum er lýst og markmið útfærð nánar út frá einstaka námsþáttum. Námsskráin byggir á tveimur bóklegum hlutum annars vegar og verklegs hins vegar.

Námið er sérhæft fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og er grundvöllur fyrir leyfisveitingu þeirra. Ákveðnar forkröfur eru gerðar til námsins.

Leiðsögumenn með hreindýraveiðum veita sérhæfða þjónustu til veiðimanna er hlotið hafa hreindýraveiðileyfi. Leiðsögumenn fylgja veiðimanni um skilgreind veiðisvæði hreindýra, hjálpa þeim að þekkja dýrin sem má veiða og sér til þess að veiðimaður beri sig rétt að og af öryggi við veiðarnar, auk þess að eiga góð samskipti við landeigendur og Umhverfisstofnun. Hann þarf að hafa almenna þekkingu á leiðsögn, öryggismálum, náttúruvernd, meðferð skotvopna, veiðitækni, innanúrtöku, sundurhlutun skrokka og meðferð afurða. Hann þarf jafnframt að skrá upplýsingar á veiðiskýrslur sem krafist er og skila þeim rétt útfylltum til Umhverfisstofnunar. Leiðsögumaður á að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur (lög nr. 64/1994). Leiðsögumenn með hreindýraveiðum eru sjálfstætt starfandi en vinna náið með Umhverfisstofnun að sjálfbærri nýtingu hreindýrastofnsins. Leyfi til leiðsagnar er endurnýjað að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. Lög nr. 64/1994.



Námskrá

Lýsing

Námið er sérsniðið fyrir þá sem vilja gerast leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Námið er 120 klst. Lögð er áhersla á þætti er varðar ferðamennsku, rötun og gerð ferðaáætlaana. Ennfremur lífshætti, líffæri og líffærafræði hreindýra, náttúruvernd, einkenni veiðisvæða og stjórn og verndun hreindýrastofnsins, sem og þætti er varða veiðimennsku og öryggismál.

Námið inniheldur tvær bóklegar námslotur og eina verklega þar sem dýr eru felld. Þátttakendur taka próf í bóklegum námsþáttum og svæðabekkingarpróf á það svæði sem þeir vilja fá réttindi á, auk þess að skila viðeigandi gögnum og verkefnum eftir veiðiferðir með leiðsögumanni, þ.e. verklega hluta námsins.

Inntökuskilyrði // forkröfur

Umsækjendur þurfa að hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og vera veiðikorthafi. Umsækjandi þarf einnig að geta staðfest, með undirritun starfandi leiðsögumanns, að hann hafi reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á formlegri inntöku nema í námið en fræðsluaðili um umsjón, framkvæmd og utanumhald námsins.

Markhópur

Einstaklingar sem vilja afla sér fagþekkingar og viðurkenningar á sérhæfingu utan hins formlega framhalds- og háskólakerfis.

Einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan eða innan hins formlega skólakerfis.

Skipulag

Hið sérhæfða nám skiptist upp í 2 afmarkaðar námslotur auk verklegrar þjálfunar. Námslotur 1 og 2 eru bóklegar og teknar með rafrænum hætti sem og í staðarlotum. Verkleg þjálfun er hluti náms en er ekki hluti námskeiðsins. Verkleg þjálfun byggir á tveimur veiðiferðum með hreindýraleiðsögumanni þar sem dýr eru felld. Verklega



veiðiferð er hægt að taka hvenær sem er á námstímanum eða að honum loknum í samráði við umsjónaraðila Umhverfisstofnunar.

Námsmat

Tilgangur námsmatsins er að kanna að hve miklu leyti nemi hefur tileinkað sér þau viðmið sem sett eru fram. Nemendur taka staðháttarpróf á veiðisvæði og próf úr námsefninu. Námsmatið getur farið fram með mismunandi hætti en almennt er lagt upp með 80% mætingu, þátttöku og virkni í umræðum, bóklegum prófum og skriflegum verkefnum. Lágmarkseinkunn í prófum og verkefnum er 7,5.



Hæfniviðmið

Við lok náms.

- Getur nemandi útfært og skipulagt veiðiferðir, veitt veiðimönnum leiðsögn og aukið skilning þeirra á náttúrufari, dýralífi og meðferð matvæla.
- Hefur nemandi þekkingu á náttúru, lífríki og vistkerfum landsins.
- Hefur nemandi víðtæka þekkingu á sögu og lifnaðarháttum hreindýra hér á landi.
- Getur nemandi veitt upplýsingar um klæðnað, veðurútlit og annan búnað sem tengist ferðum við ólíkar aðstæður.
- Getur nemandi safnað og metið upplýsingar frá öðrum til að tryggja að réttar og viðeignandi upplýsingar séu veittar veiðimönnum.
- Sýnir nemandi þjónustulund og heiðarleika í samskiptum og viðhefur viðeigandi háttvísi s.s. í framkomu og tali. Hann fer eftir siðareglum og starfar eftir þeim lögum og reglum sem varða leiðsögumenn á hreindýraveiðum.
- Þekkir nemandi áhættu og orsakir slysa á ferðalögum og nýtir öryggisvarnir og leiðir til að forðast þau.
- Getur nemandi komið í veg fyrir að náttúra og menningarminjar verði fyrir skemmdum af völdum veiðimanna og stuðlað að sjálfbærni eftir því sem unnt er.
- Getur nemandi sýnt frumkvæmi, tekið sjálfstæðar ákvarðanir og brugðist með faglegum hætti við óvæntum atriðum og uppákomum.

Þekkingarviðmið

Við lok náms.

- Hefur nemandi þekkingu á lögum og reglum er gilda við hreindýraveiðar og stjórnun þeirra
- Þekkir nemandi vel lög er varðar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Hefur nemandi þekkingu á skotvopnalöggjöfinni og kann að fara með og leiðbeina um notkun löglegra og viðeigandi skotvopna af nákvæmni og öryggi.
- Hefur nemandi þekkingu til að mæla, meta og skrá inn upplýsingar á veiðiskýrslu.
- Hefur nemandi þekkingu til að taka saman upplýsingar eða sýni úr dýrum til greininga.
- Hefur nemandi þekkingu til að koma í veg fyrir óhöpp og að bregðast rétt við í óvæntum aðstæðum.
- Hefur nemandi þekkingu á meðferð og nýtingu bráðar.
- Hefur nemandi þekkingu á siðareglum veiðimanna og FLH.

Leikniviðmið

Við lok náms.

- Skal nemandi hafa öðlast leikni í að taka á móti veiðimanni og skipuleggja veiðiferð, frá upphafi til enda, miðað við þær reglur sem gilda og þær breytilegu forsendur sem upp koma.
- Skal nemandi geta leiðbeint um veiðisvæðin af öryggi, hafa þekkingu á veiðitækni og meðhöndlun bráðar.
- Kann nemandi að beita þekkingu sinni og reynslu til að bregðast rétt við óvæntum aðstæðum.



Námskeiðslotur

Lota 1 - Lýsing

Nemandi öðlist þekkingu á helstu þáttum ferðamennsku. Sérstök áhersla er lögð á rötun, kennslu á áttavita og staðsetningu með gps tækjum. Tekin er fyrir útbúnaður til göngu og fjallaferða með áherslu á klæðnað, næringu og orku. Farið er í veðurfræði til fjalla og ferðalög á hálendi. Skyndihjálp og viðbrögð í óbyggðum. Einnig fjallað um mikilvægi góðrar fararstjórnar, gerð ferðaáætlana sem inniheldur m.a. áhættugreiningu og öryggisáætlun. Lögð áhersla á samskipti, mismunandi þjónustu þarfir og siðfræði.

Fjallað um lög og reglugerðir fyrir íslenska ferðaþjónustu, öryggismál, ábyrgð, tryggingar og leyfi.

ATH – þeir sem hafa staðist formlegt leiðsögunám eða hafa staðfestingu á þátttöku í námskeiðum er varðar rötun og ferðamennsku, GPS, fyrstu hjálp eða sjúkraflutninganám á síðustu 8 árum geta óskað eftir að fá það metið.

Námsþættir í lotu 1 – Að lágmarki 44 klst.

Námsþáttur	Tímalengd (klst)	Kennslufyrirkomulag
1. Kynning á námskeiði og námsframvindu	1	Teams // Zoom
2. Ferðaþjónusta og leiðsögn með veiðimönnum	1	Teams // Zoom
3. Leiðsögutækni og samskipti	2	Blönduð kennsla
4. Lög og reglugerðir, tryggingar og leyfi	4	Teams // Zoom
5. Fjallamennska, öryggi og rötun	16	Staðlota
6. Fjallabjörgun og skyndihjálp	20	Staðlota



Kynning á námskeiði og námsframvindu (1 klst)

Námið og tilhögun námsins kynnt. Hvaða grunnöggn liggja til grundvallar og hvernig árangur er metinn. Farið yfir kennslufyrirkomulag (fjar- og staðlotur).

Ferðabjónusta og leiðsögn með veiðimönnum (1 klst)

Umhverfi ferðabjónustunnar á Íslandi kynnt. Farið í ferlið við umsjón veiðiferðar, frá því að ferð er skipulögð, kynnt og seld – þar til tekið er á móti aðilum í veiði, þeim fylgt í ferð og skilað til baka. Hverjar eru þarfir veiðimannsins og hver er þjónustan við hann.

Lög og reglugerðir, tryggingar og leyfi (4-6 klst)

Markvisst verður farið í lög og reglugerðir er taka á vernd, friðun og veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lög um hreindýraveiðar og stjórn hreindýraveiða. Skotvopnalöggjöfina og réttindi til veiða héraendis sem erlendis. Fjallað verður um öryggismál, tryggingar og leyfi í ferðabjónustu. Enn fremur er farið yfir tryggingar fyrirtækja, veiðimanna og farartækja.

Fjallamenska, öryggi og rötun (16 klst)

Farið er yfir ferðahegðun, fjallamensku, leiðarval, ofkælingarhættu, fatnað og ferða- og útivistarbúnaðar. Kennd verða áhrif fjalla og landslags á veður, einkum vinda, úrkomu og skýjafar. Farið er í megineinkenni veðurfars á Íslandi og leiðbeiningar veittar um aðgengilegar veðurspár. Veiðisvæðin skoðuð miðað við ríkjandi veðráttu og áhættu. Matvæli á ferðalögðum og nýtingu neyðarskýla. Kennsla á GPS tæki og rötun með áttavita.

Fjallabjörgun og skyndihjálp (20 klst)

Á námskeiðinu kynnast nemendur grunnatriðum fjallabjörgunar. Farið er yfir öryggisreglur, fjallabjörgun frá ýmsum sjónarhornum sem og öryggisatriði sem eiga sér mikilvægan sess í þessu formi björgunar. Nemendur fá tækifæri til að spreyta sig á verkefni við öruggar aðstæður, t.d. innandyra á flötu gólfi. Verklegr hluti námskeiðins er tekinn utandyra við raunverulegar aðstæður. Verkefni sem tekin eru fyrir á námskeiðinu; uppsetning á tryggingum og hagnýting þeirra, sig á öruggan hátt, að slaka björgunarmanni niður, að dobbla björgunarmann upp og brekkubjörgun.



Leiðsögutækni og samskipti (2 klst)

Áfanginn veitir innsýn í framsögn, frásagnartækni og framkomu. Farið er í helstu þætti mannglegra samskipta og hópstjórn. Lögð er áhersla á samskipti við veiðimenn, landeigendur og aðra hagsmunaaðila, s.s. Umhverfisstofnun og Náttúrustofu Austurlands.

Félag hreindýraleiðsögumanna (FHL) kynnt ásamt, siðareglum og sérkjörum FHL.



Lota 2– Lýsing

Námsþátturinn veitir aukna sérhæfingu á sviði leiðsagnar, veiði og veiðistjórnunar hreindýra. Námsþátturinn er forsenda þess að geta sótt um leyfi til leiðsagnar á hreindýraveiðum. Saga, þróun, rannsóknir og vöktun hreindýrastofnsins hér á landi. Farið er í veiðitækni og verkun á föllum dýrum, sjúkdóma og heilnæmar afurðir. Hornamælingar og varðveislu mismunandi líkamshluta. Veiðisvæðin og einkenni þeirra kynnt sem og þættir er varða ferðaleiðir og öryggismál. Markvisst farið í gegnum undirbúning og framkvæmd veiðiferða og samskipti á veiðislóð. Samskipti og upplýsingagjöf til UST.

Námsþættir í lotu 2 – að lágmarki 19 klst.

Námsþáttur	Tímalengd (klst)	Kennslufyrirkomulag
Hreindýr á Íslandi	6	Staðlota að hausti
Hreindýraveiðar	4	Staðlota að hausti
Veiðisvæði	5	Staðlota
Undirbúningur ferðar og leiðsögn	4	Staðlota

Hreindýr á Íslandi (6 klst)

Farið yfir sögu, vöktun og þróun stofnstærðar hreindýra á Íslandi. Farið í líffræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra og þeirra rannsókna sem stundaðar eru hér á landi. Líffærafræði, sýklafræði og helstu sjúkdómar og sníkjudýr sem finnast á Íslandi. Mælingar, sýnataka og þátttaka leiðsögumann í gangaöflun um stofninn.

Hreindýraveiðar (4 klst)

Saga hreindýraveiða á Íslandi. Farið í veiðitækni, m.a. að finna dýr, komast í færi, fella dýr, merkja, innanúrtaka og fláning, sundurhlutun skrokks, úrbeining og flutningur. Mat á heilnæmi og meðferð afurða og kæling. Hornamælingar og meðferð í tengslum við uppstoppun eða verkun húðar. Reynslusögur í bland við fræðilega umfjöllun. Vopn og búnaður skoðuð og fjallað um skottækni.



Veiðisvæði (5 klst)

Veiðisvæðin greind og kynnt. Skörun og séreinkenni þeirra. Helstu ferðaleiðir, samgöngur og gistaðstaðir. Farið yfir náttúruverndarlög og þætti sem þarf að taka tillit til í tengslum við veiðiferðir, hvort sem er á láglandi eða hálandi. Gert er ráð fyrir ca 30 mínútum fyrir hvert veiðisvæði.

Undirbúningur ferðar og leiðsögn (4 klst)

Lögð er áhersla á sjálfsstæð vinnubrögð við undirbúning og framkvæmd veiðiferða. Að vinna og leggja fram verkferla er nýttast til að gera veiðiferðina markvissa og örugga en um leið að gera ferðina ánægjulega og örugga fyrir veiðimanninn. Kennsla í áhættugreiningu og gerð öryggisáætlana.



Verklegar veiðiferðir – Lýsing

Verkleg veiðiferð: Veiðiferðir með leiðsögumönnum

Hver nemandi þarf að fara í tvær veiðiferðir* með mismunandi leiðsögumönnum með hreindýraveiðum. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á samstarfsyfirlýsingum milli nema og leiðsögumanna.

Námsþættir í verklegri veiðiferð – Gátlistar og dagbók. Að lágmarki 48 klst.

Nemandi tekur þátt og fylgist með öllum verkþáttum sem leiðsögumaður þarf að fara í gegnum við undirbúning veiðiferðar, veiðar og frágang eftir veiðiferð. Nemandinn kynnist því hvernig samskipti eiga sér stað við veiðimenn, hvaða þætti þarf að fara í gegnum og athuga áður en lagt er af stað í veiðiferð. Kynnist helstu öryggisatriðum og meðhöndlun vopna á ferðum. Skipulagi ferða og nálgun við hjarðir. Rötun og landlæsi. Upplýsingaskyldu til UST, fyrir og eftir ferð. Greiningu á aldri og kyni dýra, fellingu, innanúrtöku, frágangi og flutningi frá svæði. Nemandinn fái jafnframt þjálfun í að lesa í veðrið, greina staðhætti, í örnefnanotkun og svæðisþekkingu.

Nemandi skilar dagbókarlýsingum ásamt undirrituðum gátlistum eftir veiðiferðir til UST.

*Skilgreining á veiðiferð í þessu samhengi: Veiðiferð hefst þegar leiðsögumaður fer af stað í veiðiferðina samkvæmt samkomulagi við veiðimann. Dýr er fundið, fellt og meðhöndlað. Bráð til byggða og veiðiskýrslu skilað til UST.



Gátlisti fyrir veiðiferð

Veiðiferð nr.	Svæði nr.	Dags.		
Undirbúningur ferðar		✓	X	Skýring
Veðurfar/veðurspá				
Fjöldi veiðimanna				
Líkamlegt ástand veiðimanna				
Sérþarfir ferðafélaga/óskir				
Á að varðveita sérstaklega skinn eða haus? - Aðferðir				
Ástand farartækis				
Tilkynning til UST				
Áætlað veiðisvæði				
Ferðaáætlun, s.s. mæting, ferðir, veiðirtími ofl				
Gilt veiðikort				
Gilt skotvopnaleyfi/Skotpróf				
Númer hreindýraleyfa og gilt hækilsmerki				
Fatnaður - sjá lista FHL				
Yfirfara öryggisþætti; áttaviti, GPS, kort, sjónauki ofl.				
Yfirfara öryggisþætti; skyndihjálparbúnaður ofl.				
Yfirfara öryggisþætti; skjóta rifflana inn ofl.				
Upplýst um öryggisreglur				
Búnaður til að ganga frá bráð				
Nesti/veitingar				
Heimkoma/gisting				



Veðiðiferðin	✓	X	Skýring
Greining á ferðum dýra/meta vindátt			
Kennsl borin á hjörðina/bráðina - kyn og aldur			
Fjarlægðarmat skotfæris			
Miðun; viðbragðslæsi og meta skotstað			
Blóðgun			
Merkja dýr			
Hvar voru dýrin felld? Úfylling veiðiskýrslu			
Innanúrtaka - meðferð innyfla			
Kæliaðferð/ir			
Sundurhlutun			
Flutningsaðferðir skrokka			
Meðferð hreindýrakjöts			
Frágangur veiðiferðar	✓	X	Skýring
Samskipti við UST - tilkynning af veiðum			
Leyfi notuð/ókláruð			

Annað:

Nemi

Leiðbeinandi

Til minnis

- 1) Skila undirrituðum gátlista
- 2) Skrá veiðiferð á kort og skila inn ferðalýsingu

